

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands í lok desember 2003 og til samanburðar í lok desember 2002 ásamt breytingum í desember 2003 og frá ársbyrjun 2003.

Þar sem áramótauppgjöri og endurskoðun er ekki að fullu lokið eru tölur fyrir desemberlok 2003 bráðabirgðatölur og kunna þær að taka breytingum í endanlegu uppgjöri.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst í mánuðinum um 0,3 milljarða króna og nam 58,1 milljarði króna í desemberlok (jafnvirði 819 milljóna Bandaríkjadala á gengi í mánaðarlok). Erlend skammtímalán bankans vegna gjaldeyrisforða voru engin í lok ársins en námu rúmlega 16 milljörðum króna í byrjun þess.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 3,7 milljarða króna í desember í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína sem m.a var greint frá í máihefti Peningamála 2003. Gengi íslensku krónunnar styrktist um 1,4% í desember og um 1,2% á árinu öllu.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,9 milljörðum króna í desemberlok miðað við markaðsverð. Þar af námu markaðsskráð verðbréf útgefin af ríkissjóði 0,7 milljörðum króna.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 17,6 milljarða króna í desember og námu 24 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir hækkuðu lítillega og námu 4 milljörðum króna í mánaðarlok.

Staða á bindireikningum lækkaði um 18,7 milljarða króna í mánuðinum en í desember var bindiskylda lækkuð, almennum innstæðum breytt í innstæður með bindiákvæðum og sérstökum bindireikningum lokað.

Nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir hækkuðu um 3,1 milljarð króna í desember og námu nettóinnstæður ríkissjóðs 22,1 milljarði króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans lækkaði í desember um 11,6 milljarða króna og nam 21,7 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabankans
Í milljónum króna

| | Staða í lok tímabils | | Hreyfingar 2003 | |
|----------------------------------------------|----------------------|------------------|-------------------|---------------|
| | Desember 2002 | Desember 2003 | Frá ára- mótum | Í desember |
| <u>Eignaliðir :</u> | | | | |
| Gjaldeyrisforði | 37.194 | 58.115 | 20.920 | 335 |
| Gull | 1.727 | 1.873 | 147 | 2 |
| Erlendur gjaldeyrir | 33.418 | 54.279 | 20.861 | 375 |
| SDR | 12 | 3 | -8 | 0 |
| Gjaldeyrisstaða IMF | 2.038 | 1.959 | -79 | -42 |
| Markaðsskráð verðbréf | 5.260 | 3.939 | -1.322 | 16 |
| Ríkissjóðs | 1.816 | 715 | -1.100 | 9 |
| Annarra | 3.445 | 3.223 | -221 | 7 |
| Kröfur á innlánsstofnanir | 69.141 | 24.038 | -45.102 | -17.632 |
| Kröfur á aðrar fjármálastofnanir | 8.227 | 4.193 | -4.034 | 551 |
| <u>Skuldaliðir:</u> | | | | |
| Erlendar skuldir til skamms tíma | 16.499 | 124 | -16.375 | -15 |
| Seðlar og mynt | 9.590 | 10.583 | 994 | 636 |
| Innstæður innlánsstofnana | 23.001 | 6.616 | -16.385 | -16.695 |
| Innstæðubréf | 0 | 4.500 | 4.500 | 4.500 |
| Innstæður annarra fjármálastofnana | 1.333 | 75 | -1.258 | -582 |
| <u>Liðir til skýringar :</u> | | | | |
| Gjaldeyrisstaða Seðlabankans, nettó: | 20.696 | 57.991 | 37.295 | 349 |
| Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó: | -20.846 | -22.147 | -1.301 | 3.129 |
| Kröfur á aðra, brúttó | 77.454 | 28.313 | -49.142 | -17.099 |
| Grunnfé: | 32.590 | 21.699 | -10.891 | -11.559 |

Skýringar:

Gjaldeyrisforði sýnir brúttóeign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri. Erlendur gjaldeyrir sýnir innstæður í erlendum bönkum og erlenda verðbréfaeign bankans. Gjaldeyrisstaða við IMF sýnir hreina innstæðu bankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs sýna eign bankans í spariskírteinum ríkissjóðs, ríkisbréfum og ríkisvixlum. Markaðsskráð verðbréf annarra eru húsbréf og húsnæðisbréf. Kröfur á innlánsstofnanir eru brúttókröfur bankans á innlánsstofnanir. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir eru brúttókröfur bankans á þessar stofnanir. Erlendar skuldir til skamms tíma sýna gjaldeyrisinnstæður í Seðlabanka Íslands. Seðlar og mynt sýna heildarfjárhæð seðla og myntar í umferð utan Seðlabanka. Almennar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana eru innstæður þeirra á viðskiptareikningum í Seðlabankanum og bundnar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana eru innstæður sem þeim er skylt að eiga í Seðlabankanum í samræmi við bindiskyldu sem bankinn ákveður. Nedanmáls eru sýndir fjórir liðir til skýringar, í fyrsta lagi nettógjalddeyrisstaða Seðlabankans sem sýnir erlendar eignir til skamms tíma að frádregnum erlendum skuldum til skamms tíma, í öðru lagi nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir, þ.e. skuldir þessara aðila við Seðlabankann að frádregnum innstæðum þeirra í bankanum, í þriðja lagi innlendar brúttókröfur á aðra en ríkið, og í fjórða lagi grunnfé bankans en til þess teljast seðlar og mynt í umferð og innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum.